

PARADÍS? – Hvenær?

Rúrí

PARADÍS? — Hvenær?

Rúrí



PARADÍS? – Hvenær?

Rúrí

Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur

Mars – apríl 1998



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Sarajevo 1998
PARADISE? - When? Detail: Sarajevo 1998

Inngangur

Rúrí þarf vart að kynna fyrir íslenskum listunnendum. Frá því hún hélt sínar fyrstu sýningar og gjörninga fyrir aldarfjórðungi hefur hún, með markvissum athugunum sínum á ýmsum helstu mælikvörðum mannlegrar tilveru, markað eftirtektarverð spor í íslenskum listheimi. Hún hefur tekið fyrir tímann, metrann, afstæði og samspil þessara þátta við umhverfið og alltaf nálgast viðfangsefnið á ferskan og persónulegan hátt.

Sýning Rúríar nú ber heitið Paradís? - Hvernær? og er eitt metnaðarfyllsta verkefni þessarar mikilhæfu listakonu til þessa. Hér er um að ræða eitt samfellt verk sem sýnir framgöngu okkar mannfólksins og framkomu við náungann undir lok 20. aldarinnar.

Fyrir hönd menningarmálanefndar vil ég óska Rúrí til hamingju með þessa merku sýningu sem ég vona að láti fáa áhorfendur ósnortna.

Foreword

Icelandic art lovers need no introduction to Rúrí. From the time when she held her first exhibitions and performances almost a quarter of a century ago, she has made her distinctive mark in the Icelandic art world with her methodical observations on many of mankind's most valued points of reference. She has worked with time, the metre, relativity and how all of these correlate with the environment, always focusing on her subject with a fresh and personal approach.

Rúrí's current exhibition is entitled Paradise? - When? and is one of the most ambitious projects this great artist has taken on to date. This is in fact one continuous work that shows in a compelling way how we act and behave towards our neighbour at the end of the 20th century.

On behalf of the Cultural Committee I would like to congratulate Rúrí on this remarkable exhibition which I hope will leave few observers untouched.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur / Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík:





PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd úr fyrsta rými sýningarinnar
PARADISE? - When? Detail from the first area of the exhibition

PARADÍS? – Hvenær?

PARADÍS? – Hvenær? er yfirskrift sýningar á Kjarvalsstöðum í Reykjavík í marsmánuði 1998. Þetta er

meira en sýning því hér er á ferðinni heildrænt listaverk, umhverfisverk þar sem fjöldi ólíkra efna og aðferða koma við sögu. Sýningin er haldin þegar 50 ár eru liðin frá undirritun Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ber að líta á hana sem framlag mikilsvirtrar listakonu á alþjóðavettvangi til friðarumræðunnar sem nú á sér stað um allan heim.

Í gegnum tíðina hafa listamenn ekki síst gengið fram fyrir skjöldu til varnar frelsi og friði enda gerir næmi þeirra á hvers kyns hræringar í umhverfinu þá betur í stakk búna en marga aðra til að greina og skilja teikn tímans með skýrum og meðvitundum hætti. Listamenn hafa lagt Amnesty International lið, þeir hafa með myndrænum hætti barist fyrir mannréttindum og krafist þess að fórnarlömbum ofbeldis og eyðileggingar sé tryggð mannvirðing. Í þessu samhengi má benda á alþjóðlega verkefnið *Listamenn gegn pyntingum* sem og fjölda annarra verkefna einstakra listamanna. Óttinn við eyðileggingu er hér frumhvatinn, sér í lagi þó óttinn við hættuna sem manneskjunni stafar af sjálfri sér.

Sýning eins og sú sem Rúrí heldur nú í Reykjavík sýnir og er um leið heimild um hvernig afneitun á annars konar menningu, trúarbrögðum og hugmyndafræði getur alið á tortryggni og hatri sem leiðir af sér meiðingar og eyðileggingu, útrýmingu hins ókunnuga og óþekkta. Listakonan reynir með þeim myndrænu aðferðum sem hún hefur tileinkað sér að tjá ótta sinn og hrylling og knýja um leið áhorfendur til að bregðast við því sem er að gerast í heiminum. Þetta er áhrifamikil sýning sem höfðar til fjölmargra þátta skynjunar og tilfinningalífs og hefur þannig mun varanlegri áhrif en daglegur frétttaflutningur getur nokkurn tíma haft.

Fyrir hartnær hálfri öld, þann 10. desember 1948, var Alþjóðlegi mannréttindasáttmálinn samþykktur samhljóða á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Síðan hefur engin heimsstyrjöld verið háð, en engu að síður virðist að nú við lok aldarinnar, sem einnig markar lok árþúsunds, sé ákveðin hnignunarkennd að ná yfirhöndinni. Á þessum síðasta áratug aldarinnar hafa brotist út fjölmörg ný stríð á grundvelli trúarlegs og hugmyndafræðilegs ofstækis, stríð þar sem mannréttindum er varpað fyrir róða í baráttunni um völdin. Flóabardagi í byrjun áratugarins er eitt dæmi þessa en einnig átökin í Bosníu–Hersegovínu sem eru kjarni þessarar sýningar.

SÝNINGIN

Sýningin tekur yfir 500 fermetra sem skiptist í fjögur, jafnvel má segja fimm aðskilin rými. Gengið er inn í vestursal Kjarvalsstaða, við vegginn gegnt innganginum ber fyrst fyrir augu stálborð, sem var sérstaklega gert fyrir sýninguna. Á því hefur verið stillt upp gríðarmiklu upplýsingakerfi, þar sem er að finna 100 kassa með um það bil 100 000 spjöldum. Spjöldin eru flokkuð eftir lýðveldum og héruðum. Þau eru tölusett og á þeim má lesa nöfn fórnarlamba stríðsins í Bosníu–Hersegóvínu ásamt þeim upplýsingum um kyn, fæðingardag, tegund pyntinga, þjóðerni o.s.frv. sem tók voru á að afla.

Upplýsingarnar eru alla jafna ófullkomnar. Því eru jafnvel innanum auð spjöld sem einasta merkið um manneskju sem ekki var unnt að fá nánari upplýsingar um. Af tölfræðilegum ástæðum eru þessi spjöld höfð með í gagnagrunninum sem nokkurs konar eintaks-númer. Á vegg hægra megin við spjaldskrárkassana hanga kort af svæðinu ásamt upplýsingum og textum sem tengjast einstökum spjöldum.

Á veggnum á móti eru allmargar stórar ferstrendar málmplötur — líkastar töflum — með silkiprentuðum textum. Þarna er m.a. að finna lista yfir þær þjóðir sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum, einnig lista yfir stríð síðasta áratugar og áætlað mannfali í þeim, sem og fleiri lista sem tengjast mannúðarmálum.

Úr þessu rými er gengið til hægri inn í næsta hluta sýningarinnar. Inngangurinn er lokaður, þannig að ekki sést inn í rýmið utan frá, heldur verður að ganga inn í það til að sjá myndbandsverkin sem þar eru. Þremur myndböndum er varpað samtímis á veggina, og sýna öll eyðileggingu Bosníu–Hersegóvínu og Króatíu, aðallega rústir. Lágvær hljóðrás heyrst sem tengist atriðum myndbandanna og þau virðast kalla á. Myndatriðin á veggjunum umlykja áhorfandann hljóðum og hreyfingum líkt og umhverfisverk og flytja hann þannig á vettvang aðburðanna sjálfra. Hann skynjar áþreifanlega, í orðsins fyllstu merkingu, það sem gerist í kringum hann, og verður hluti af umhverfinu. Ógnin gæti beinst að honum. Upplifunin verður honum sem eigin reynsla.

Úr fyrsta sýningarrýminu er einnig innangengt í rými á vinstri hönd. Þetta er fjölþættasti hluti sýningarinnar og kannski sá áhrifaríkasti. Hér hefur verið sett upp annað borð, svipað því sem spjaldskrárkassarnir stóðu á í fyrra rýminu. Á þessu borði er röð af tölvum með tengingu við veraldarvefinn. Sérstök forsíða hefur verið hönnuð til að auðvelda notendum að átta sig á gagnagrunninum. Allar upplýsingarnar af spjöldum spjaldskrárinnar sem áður var lýst hafa verið vistaðar í samtengdum tölvunum, en nokkuð ítarlegri. Hér má til að mynda finna upplýsingar um aldur fórnarlambanna og ýmislegt fleira. Tölvurnar eru auk þess tengdar ýmsum heimasíðum, eins og til dæmis heimasíðu Sameinuðu þjóðanna, Amnesty International Online og dagblaðsins The Washington Post o.fl. Hér eru ekki einungis gögn hvers spjaldskrárspjalds sett fram af meiri nákvæmni heldur er hér líka að finna ljósmyndaefni sem heimild um ólíkar tegundir ofbeldis; það er jafnvel hægt að lesa sendibréf frá einu fórnarlambinu.

Í gegnum tölvurnar gefst sýningargestum aukin heldur tækifæri til að afla sér upplýsinga um fyrri verk Rúriar og átta sig á tengslum eldri verka hennar við það heildræna listaverk sem þessi sýning er.

Í þessum sal er og að finna stækkanir af ljósmyndum svokallaðrar Dagbókar 1994. Hér er að vissu leyti um samklippuverk (collage-verk) að ræða, samsett úr dagbókarbrotum og minnispunktum listakonunnar, sem eru síðan tengdar blaðafréttum viðkomandi dags úr Morgunblaðinu.

Dagbókarbrot listakonunnar, tengd stað og stund með Morgunblaðsfréttunum, eru sett upp hægra megin í opnu en andspænis þeim efnislega samsvarandi blaðafni á ensku. Hver dagur ársins á sér slíka opnu og saman mynda allar opnurnar bók upp á 732 síður. Stærð bókarinnar er 30x27 sentimetrar og hefur hún verið fjölfölduð í 100 eintökum. Bókin liggur frammi til skoðunar á sýningunni en jafnframt eru stækkanir af einstökum síðum til sýnis á veggjunum.

Í þessum sal hefur einnig verið komið fyrir litlu, teningslaga rými undir yfirskriftinni *Augliti til auglitis*. Þessi ferningur er myrkvaður og lokaður þannig að engin hljóð frá sýningunni utan við berast inn. Inni í þessu rými eru sýndar skuggamyndir í raunstærð sem eru þess eðlis að áhorfandinn upplifir neyð fólks sem orðið hefur fyrir vopnavaldi nánast sem sína eigin. Skipt er á myndum með löngu millibili og eru þessi skipti gefin til kynna með litlu neyðarljósi sem megnar að kveikja vonarneista hjá áhorfandanum, sýningargestinum, sem er þarna aleinn með sjálfum sér.

Á útvegg þessa rýmis hefur verið komið fyrir stóru afar grófprentuðu heimskorti, ábending um það að öllum stundum, alls staðar í heiminum megi fólk sæta meiðslum, lítilsvirðingu og misþyrmingum.

Síðasti hluti sýningarinnar, sem einnig má ganga inn í um hliðarinnangang, samanstendur af ljósmyndum, bæði svart/hvítum og í lit. Íslenskur ljósmyndari sem fyrir nokkrum árum ferðaðist um Rúanda og Sómalíu sem og íslensk/júgóslavneskur ljósmyndari sem var í Júgóslavíu þegar átökin brutust þar út hafa lánað myndir til þessa hluta sýningarinnar. Aðaláherslan er þó á myndum sem listakonan Rúrí tók sjálf á ferðalagi um Bosníu–Hersegovínu, Serbíu og Króatíu fyrr á árinu. Hver heild á veggjum salarins er annað hvort ein stækkuð ljósmynd eða samsetning einnar stórrar og nokkurra minni mynda sem teknar voru á sama tíma af sama viðfangsefninu. Samtímis heyrast til skiptis raddir ljósmyndaranna þriggja, sem greina frá tilfinningum sínum, reynslu og upplifun á þeim tíma sem myndirnar voru teknar. Hér eru engar áletranir né aðrir textar.

Í öllu sem listakonan hefur tekið sér fyrir hendur hér leggur hún megináherslu á að bæði inntak sýningarinnar og efnin sem hún notar tjái samtíma sinn. Hún notfærir sér nútímatækni og efnivið sem er laus við alla tilgerð og rómantískar tilvisanir, rétt eins og viðfangsefnið sjálft er fullkomlega órómantískt. Hér er ekki verið að vísa til hins fagra í veröldinni, heldur þvert á móti. Umhverfisverkið í heild sinni verður þannig að heimild, vitnisburði um samtímamann. Í verkinu er að finna staðlaða skrifstofuinnréttingu,

tölvuúttstöðvar sem líkjast stjórnstöð, tengingar við veraldarvefinn, tækifæri til að afla sér upplýsinga, skjalasafn; kvikmyndir og hreyfingu, hljóma og kyrrð, ihugun, ljós og myrkur.

Áhorfandiinn þarf að ætla sér tíma til að skoða þessa sýningu, en hann fær ekki að gera það óáreittur. Innihald sýningarinnar er sambærilegt við það sem þýski listamaðurinn Günther Uecker gerði tilraun til að lýsa með eftirfarandi orðum: „List getur ekki bjargað fólki, en listaverk skapa grundvöll samræðu sem getur hvatt til aðgerða til að viðhalda hinu manlega, viðhalda manneskjunni.“

GILDI VIÐFANGSEFNISINS

Viðfangsefnið í ljósi annarar listsköpunar Rúríar

„Eyðilegging“ er mikilvægt þema í verkum Rúríar þótt fjölmörg þeirra virðist eiga sér mun óhlutbundnara inntak. Þetta er þó aðeins niðurstaðan eftir lauslega skoðun, því þegar grannt er að gáð kemur í ljós að fjölbætt og margbreytileg verk hennar tengjast með skýrum og greinilegum hætti. Sjálf segir hún: „Fyrir mér er list heimspeki. Verk mín fjalla um tengsl manns og jarðar sem og alheims, manninn í óratíma veraldar, mannlegar skynjanir. Verk mín eru einungis örsmátt brot af heildinni. Hversu frumleg sem við viljum vera þá vinnum við í raun ávallt út frá sömu grunnforsendunum sem eru jörðin í alheimnum og tilvera mannanna á jörðinni; maður og menning í tengslum við náttúru, jörðu og alheim. Listamenn eru sífellt að velta upp nýjum flötum á sama veruleikanum og skoða hann frá nýjum sjónarhornum.“ (Rúrí 1992)

Á síðustu árum hefur Rúrí lagt ríka áherslu á að skoða menningarsöguna allt frá fyrstu tíð og fram til okkar daga. Viðfangsefni sögunnar er í hennar augum fyrst og fremst tími, og tíminn er — eins og brátt mun ljóst verða — grunnþema í allri listsköpun hennar. Tími merkir breytingu, hreyfingu. *Panta rei* „allt fram streymir“ og er stöðugum breytingum undirorpið. Verundin býr í verðandinni, eins og Heraklítos áttaði sig á fyrir margt löngu. Rúrí tekst á við hugmyndir, aðstæður, atburði og aðra þætti sem hafa orsakað menningarsögulegar breytingar. Hún gerir sífelldar tilraunir til að átta sig á hvað tengir manneskjuna, jörðina og alheiminn saman, hvaða samband ríkir milli mannlegrar tilveru og ómælanlegs aldurs, langæis alheimsins, sem og milli hins endanlega og hins óendanlega og þess sem mannlegur skilningur fær áorkað.

Rúrí hefur til dæmis komist að því að einföld, að því er virðast traust gildi, óyggjandi ákvörðun og niðurnjörfuð, eins og til að mynda lengd tommustokksins, geta við ákveðnar aðstæður breytt um mynd sem opnar leið fyrir margvíslegar túlkanir og þar með nýjan skilning.

Rúrí notar vísindalega grundvallaðar mælieiningar — eins og til dæmis lengd tommustokksins sem skipt er niður í 100 til 200 sentimetra — sem grunn til að gera afstæði slíkra skilgreininga sýnilegt. Við hljótum að fallast á að jafnvel samanbrotinn

tommustokkur (af staðlaðri gerð) er 200 sentimetrar á lengd. (Ég vísa hér til Nelsons Goodman: „Að finna upp staðreyndir“) Þannig virðist meira en rökrétt að verk sem er samsett úr tveimur láréttum og tveimur lóðréttum tommustokkum (af staðlaðri gerð) beri titilinn *Fjórir fermetrar*. Önnur tilbúin mynd úr samtals 26 tommustokkum (af staðlaðri gerð) heitir *52 metrar* og vísa talan og formið til viknanna í árinu, hinnar eilífu hringrásar upphafs og þess sem liður frá byrjun til enda og þá um leið til tímans án endimarka.

Með þessum hætti setur Rúri fram sína eigin „afstæðiskenningu“ sem hún lýsir þannig: „Allt er afstætt. Upplifun og skilningur á tilverunni veltur á því frá hvaða stað og hvaða sjónarhorni, eða afstöðu, athugun er gerð, og jafnframt því hver athugandinn er.“ Rúri hefur sinn eigin skilning á tölum. Segja má að tölur búi ekki yfir neinni eigin merkingu fyrir utan þá táknrænu. Tölur fá ekki hlutlæga merkingu nema að vísa til einhvers sem lýtur að magni, þ.e.a.s. stærð og fjölda eða gæðum í merkingu stigveldis.

En þýðing talna sem mælieiningar eða magns í verkum Rúriar opinberast ekki einvörðungu í tommustokkum eða reglustikum. Umhverfisverk hennar, sem stöðugt hverfast um hugtakið tíma, byggja ekki síður á tölum sem mælikvarða tíma. Í innsetningunni *PARADÍS? – Hvenær?* sem nú er sýnd koma tölur líka fyrir sem mælikvarði tíma. Þetta á til að mynda við um dagbókarbrotin sem eru tölusett dögnum, þ.e.a.s. dagsetningunni. Þá má benda á tölurnar á spjaldskrárkortunum sem hvert fyrir sig er staðgengill einstaklings sem hefur orðið fórnarlamb þjáninga og tortímingar. Í fleiri verkum Rúriar er að finna tölur sem tákna mælanlegan samanburð, hlutfall eða mælikvarðaeiningu. Loks má svo minna á að tilefni sýningarinnar nú er ákvarðað af magni tíma, þ.e. þeim 50 árum sem liðin eru frá því að Mannréttindasáttmálinn var undirritaður.

Auk þess sem hér hefur verið sagt verður að skoða þetta áhrifaríka og viðamikla verk Rúriar í samhengi við ólíka flokka verka hennar frá fyrri árum, verka sem hún hefur gefið yfirskriftina *Time and possible Threats* (Tími og allt sem getur ógnað). Eitt elsta verkið í þessum flokki er hluti af um það bil 15 ára gamalli innsetningu með yfirskriftinni *Desolation* (Eyðing). Brot úr steinsteyptum múrum og húsveggjum, líkt og rústum dauðrar borgar sem hafði að mestu verið byggð úr járnbentri steinsteypu, voru sett upp í göngugötu í lifandi borg í Danmörku. Í kjölfar þessa umhverfisverks frá árinu 1984 fylgdi síðan 1986 verkið *Time* (tími). Þar voru ljósmyndir af föllnum og eyðilögðum húsum framkallaðar á gagnsæar glerplötur sem hingu eins og svífandi í rýminu. Að lokum má svo benda á verkið *Museum* (Safn); sem er samsett verk úr 15 sýningarkössum sem minna á líkkistur. Í kössunum sýndi Rúri tilbúna hluti sem hún hafði safnað og skipt niður í flokka samkvæmt ákveðnu skipulagi og merkt tölulegum upplýsingum um landfræðilegan fundarstað. Þetta verk er með öðrum orðum einnig skrásetningar- og heimildverk eins og *PARADÍS? – Hvenær?*, en í þessu verki gegndu tölur og tími líka mikilvægu hlutverki.

Það verk sem þó stendur næst *PARADÍS? – Hvenær?* hvað varðar hugmynd og fram-

setningu er verkið *Innocent?* (Saklaus?) frá árinu 1993, sem er innsetning með skuggamyndum af stríðum og orustum listasögunnar. Þar getur meðal annars að líta verk eftir Rubens, Goya og Manet; dæmi um verk þess síðastnefnda var myndin *Aftaka Maximillians keisara*.

Verk Rúriar í orðræðu listar og listamanna í samtímanum

Eins og þegar hefur komið fram er það ekki aðeins í listasögunni sem finna má dæmi um hvernig listamenn taka á viðfangsefninu eyðing og eyðilegging. Eitt þekktasta dæmi um slíka umfjöllun eru líklega verk Christians Boltanski. Séð frá sjónarhóli listarinnar, eða öllu fremur listsagnfræðinnar, heyrir hann til þess hóps listamanna sem leggja stund á „varðveislu ummerkjanna“. Dauðinn varð snemma miðlægt þema í verkum Boltanskis. Upphaflega einbeitti hann sér að gyðingum og Helförinni, en fljótlega víkkaði skírskotun hans og náði til fleiri hópa fólks á mismunandi aldri, af mismunandi þjóðerni og úr mismunandi starfsstéttum án tillits til þess hvernig dauða þeirra hafði borið að höndum.

Eitt þekktasta dæmið um rannsóknar- og heimildavinnu Boltanskis er hið umfangsmikla verk *3000 (látnir) Svisslendingar; svart/hvítum myndum var komið fyrir með dramatískri lýsingu í notuðum og ryðguðum kexdósum í miklu heildarverki upp við vegg*. Tengslin við raunveruleikann verða hér enn greinilegri fyrir áhorfandann en í áður nefndu verkunum og Boltanski skýrir áhrifamátt innsetningarinnar með eftirfarandi orðum: „Dauður gyðingur er sjálfsagður hlutur. Dauðinn og gyðingarnir skilja hvor annan. Hver getur hins vegar ímyndað sér að Svisslendingar séu líka dauðlegir? Svisslendingar eru svo venjulegir. Það er í raun engin ástæða til þess að einmitt þeir skuli deyja. Okkur stafar því enn meiri ógn af látnum Svisslendingum vegna þess að þeir eru eins og við.“(Boltanski)

Hanne Darboven og On Kawara hafa líka lagt stund á „varðveislu ummerkjanna“ og hafa skapað heimildir um samtímasögu með dagatals- og dagsetningarverkum sínum. Hjá báðum þessum listamönnum verður þó niðurstaðan mun óhlutbundnari, sem sjónrænt leiðir athyglina frá hinu eiginlega viðfangsefni. Í verkum Hanne Darboven eru athugasemdir við dagsetningareitina, sem virðast stærðfræðilegar einingar, sem og útreikningarnir og tímamismunurinn miðað við hnattstöðu vart til þess fallið að túlka inntakið. Hjá On Kawara verða veruleikatengslin sem skapast með því að setja dagsetninguna á myndunum og dagsetningu myndanna í samhengi við blaðagreinir og fréttir aðeins tilfallandi, einn af mörgum mögulegum leiðum. Með kerfisbundnum aðferðum sínum við skrásetningu liðins tíma eru það líklega listamennirnir Hanne Darboven og Christian Boltanski sem standa verki Rúriar næst. Í verkum þeirra er reynsla einnar einstakrar manneskju, einstaklings sem nafnlaus er einhver veginn horfinn í fjöldann, felldur í tölur og gerður merkingarbær fyrir heild, ákveðinn hóp fólks, hluta mannkynsins. Sameiginleg reynsla margra einstakra verður að sögu, að menningarsögu mannkynsins. Breytingar verða merkjanlegar í tímans rás. Sagt er að „Tíminn lækni öll sár“ og að „hinir dauðu hvíli í friði“. Þrátt fyrir það verður að vekja okkur til vitundar og við verðum að halda vöku okkar, vera á varðbergi gagnvart aðstæðum sem leiða til eyðileggingar.

Sérstök nálægð verka Rúríar við verk Günthers Uecker kemur fram með öðrum hætti. Allt frá byrjun nífunda áratugarins hefur hann fengist við *hættuna sem manneskjunnir stafar af sjálfri sér*. Kjarni þessa starfs er umfjöllun um stríð, óttann við eyðileggingu og eyðingu, og með hvaða hætti er hægt að viðhalda mannlegri virðingu.

Merkt dæmi um þetta er verkefni sem hann stóð fyrir í Köln og kallaði *Kölnisch—Klause—Phobien* undir slagorðinu „Stríð ætti aldrei að eiga sér stað“. Önnur verk af svipuðum toga eru *Das Tor verlorener Trauer* (Hlið glataðrar sorgar) frá árinu 1981, *Briefe an Peking* (Bréf til Peking) frá árinu 1994 og yfirmálaðar ljósmyndir Kambodíu-seríunnar undir yfirskriftinni *Wind der Seelen der Toten für die Kinder der Khmer* (Vindur sálna hinna látnu handa börnum Kmeranna) frá árinu 1993. Sýningin *Der geschundene Mensch* (Hin kvalda manneskja) sem var skipulögð af IFA (Institut für Ausländerbeziehungen — Nýbúastofnun) og hefur verið á ferð um heiminn frá árinu 1993, leiðir glöggt í ljós hversu hugfólgið þetta þema er Günther Uecker og hvernig hann hefur reynt að túlka ótta sinn og hrylling í myndum.

Tilvísunin til heimilda í myndverkum Günthers Uecker er þó mun veigaminni en í verkum Rúríar. Heimildirnar í verkum hans eru hvorki flokkaðar kerfisbundið né er þeim ætlað að vera tæmandi varðandi viðkomandi persónur. Áherslan er miklu fremur á heildarstemninguna sem þeim er ætlað að miðla. Þrátt fyrir þetta er augljóst að í verkum allra listamannanna fjögurra sem hér hafa verið nefndir er verið að fjalla um atburði í samtímanum, samtímasögu. En hver listamaður gerir það hins vegar með sínum hætti.

Samtímaskírskotun

Eins og má ljóst vera er það ekki aðeins viðfangsefnið sem tengir sýningu Rúríar við verk annarra samtímalistamanna. Efniviðurinn sem er notaður, tæknin og fyrirkomulag sýningarinnar er einnig augljós skírskotun til samtímans. Listakonan beitir ólíkustu meðulum eins og textum, ljósmyndum, kvikmyndum, alnetinu o.s.frv. til að gera yfirgripsmikið inntak sýningar sinnar sýnilegt og dýpka skilning á þýðingu þess. Eftirtektarvert er hversu hlutlaust Rúrí ástundar „varðveislu ummerkjanna“ í þeirri merkingu að listakonan sjálf er ætíð í bakgrunninum með sínum persónulegu einkennum og listræna handbragði, nema í fáeinum undantekningartilfellum.

Til að mynda eru borðin þar sem tölvunum og spjaldskrárkössunum er komið fyrir sérstaklega hönnuð og smíðuð fyrir þessa sýningu. En þar sem borðum er yfirleitt ekki ætlað að fanga athygli með neinum hætti né að vera miðpunktur sýningarinnar — heldur öllu fremur hlutunum sem á þeim eru — víkur þetta listræna framlag til hliðar og verður að bakgrunni. Athygli áhorfandans er beint frá borðunum og að hinu eiginlega inntaki.

Svipað má segja um stálplöturnar í fyrsta rýminu. Þær eru vissulega gerðar af listakonunni en það er heimildagildið sem er aðalatriðið. Upplýsingarnar eru í sviðsljósinu, og þess vegna gætu gætu þær eins hangið á stöðluðum upplýsingaskiltum. Eina vísbendingin um listræna viðveru Rúríar eru stækkaðar ljósmyndir samklippu-

verksins með blaðagreinunum frá árinu 1994 ásamt dagbókarfærslunum. Áhorfandinn stendur andspænis minnispunktum og upplýsingum í ofurstærð, sem annars vegar eru afar persónuleg endurspeglun á samlífi listamannsins með verkefnum sínum, áætlunum, hugleiðingum, uppsetningaráformum og minnisatriðum, en hins vegar er hér líka verið að miðla upplýsingum um heimsviðburði sem áttu sér stað á sama tíma þar sem lifandi fólk kom við sögu, nafnlaust og óþekkt, að minnsta kosti frá sjónarhóli skoðandans.

Með þessum hætti verður til ákveðin samræða: Líf listakonunnar er sett í samhengi við heimssöguna. Listin hefur alltaf verið heimild um sögu heimsins sem listamenn hafa greypt í verk sín — og hér í verki Rúríar er þetta sérlega áberandi.

Ljósmyndirnar í síðasta rýminu, sem Rúrí tók sjálf í Bosníu–Hersegovínu, ná vissulega einnig að bera hennar eigin sýn glöggvitni. En þar sem þessar ljósmyndir eru sýndar ásamt ljósmyndum tveggja annarra ljósmyndara verða þær hlutlausari, þ.e. heimildagildi þeirra verður adalatriðið. Það er því ekki listamaðurinn sem slíkur, heldur heimssagan sem er þungamiðjan.

HUGMYNDALEGT SAMHENGI OG HUGLEIÐINGAR

Sú spurning hlýtur að vakna, hvernig beri að túlka listaverk sem er svo markvisst byggt á hugmyndum; hvernig ber að skilja það? Í skrifum sínum og minnispunktum hefur Rúrí hvað eftir annað tekið fram að henni sé tíminn, sagan og menningarlegar breytingar í tímans rás sérstakt hugðarefni, sem og hugmyndir, aðstæður, atburðir og áhrif sem kalla fram breytingar í menningarsögunni.

Miðað við framsetningu verksins og út frá titli þess *PARADÍS? – Hvenær?* er nærtækt að ætla að *Hinn Guðdómlegi gleðileikur* eftir Dante liggi því til grundvallar, en í honum verður fyrst að komast í gegnum helvíti og hreinsunareldinn til að komast loks í Paradís. Ef til vill má skilja framsetningarmátann og skipan sýningarinnar sem stefnuyfirlýsingu, mótmæli, og þá túlka verkið sem grundvallarafstöðu listakonu sem ekki vill skerast úr leik, heldur taka þátt í að vekja fólk til vitundar um aðstæður í heiminum, um nauðsyn þess að gera sér grein fyrir hættunum sem alls staðar eru fyrir hendi, og taka þátt í því að vekja skilning á þeim sem eru öðruvísi. Um leið er verkið þá ákall um frið, ákall um að virða mannréttindi og tryggja mannlega virðingu, um frelsi og samhljóm. Við getum sennilega einnig fundið hér að baki hugleiðingar um að ekki er alltaf auðvelt eða einfalt að segja hvað sé gott og hvað illt, hvað rétt og hvað rangt, hvað svart og hvað hvítt. Við ákveðnar aðstæður eða út frá ákveðinni hugmyndafræðilegri rökhugsun breytist vægi gilda eins og hendi sé veifað. Fórnarlambið getur breyst í þann sem glæpinn framdi.

Trúarbrögð, öll trúarbrögð í heimi, byggja gildi sín almennt séð á friðarboðskap. Markmið þeirra er friður; megininntak viðleitni þeirra náungakærleikur og viturlegur skilningur gagnvart öðrum. Eigi að síður — sé ástæðurnar ekki að finna í pólitískri hugmyndafræði eða þjóðræknislegum metnaði — eru ógurlegustu styrjaldirnar einatt háðar í nafni

trúarbragða. Þessi mótsögn er jafngömul trúarbrögðunum sjálfum og nægir þar að minna á krossfarir miðalda sem dæmi. Og þetta á við enn í dag.

Í heimi þar sem við eigum í vaxandi samskiptum um alnetið og aðra slíka miðla standa ekki lengur neinir óyfirstíganlegir erfiðleikar í vegi fyrir því að við getum aflað okkur vitneskju um annað fólk og framandi fyrirbæri, um ólík trúarbrögð og menningar-sögulegar forsendur. Þrátt fyrir þetta eru enn í dag háðar ótaldar styrjaldir í nafni trúarbragða — á Írlandi, í hjarta Evrópu, á Vesturbakkanum, við Persaflóa og loks í Bosníu–Hersegóvínu, sem er umfjöllunarefni þessarar sýningar.

Hugsjón friðar er boðskapur manna um allan heim; fólk fordæmir morð og manndráp og refsar fyrir ofbeldi. En um leið og sérstök hugmyndafræði er kynnt til sögunnar, þar sem siðferðileg, menningarsöguleg og þjóðræknisleg sérkenni eða önnur aðgreining gagnvart hinu óþekkta er undirstrikuð, snúast öll slík gildi upp í andhverfu sína. Þá nýtur hinn vantrúaði hvorki sama réttar og hinn trúaði í augum yfirgangsmanna, né heldur sömu stöðu í samfélaginu.

LIST SEM BOÐSKAPUR

List (myndlist) er ákveðin tegund samskipta og getur sem slík verið hluti af samræðu í besta skilningi þess orðs. Listamaðurinn er „skjálftaneminn sem boðar aðdraganda stórtíðinda í mannheimi“ (Uecker). Hann grípur teikn tímans á lofti og umbreytir þeim í myndir. Sjónræn skynjun getur komið hlutum til skila á altækari hátt en orðlangar lýsingar á ákveðnu ástandi. Myndlist er ekki kreddebundin, hún gerir hlutina einfaldlega sýnilega. Hún lýsir í gegnum fyrirbærin til hins óséða sem hvílir að baki.

Metnaður listamanns er ekki bundinn þjóðernislegum uppruna. Andstætt íþróttamanninum leitar listamaðurinn eftir tengslum við þá sem eru frábrugðnir sem og við söguna. Þannig gengur hann erinda friðar í heiminum því að listin er þess megnug að stofna til skodanaskipta sem allir geta tekið þátt í hvar sem þeir eru staddir í veröldinni, án tillits til þjóðernis, trúarbragða, siðakerfa eða menningarlegra róta, samræðna sem miða að hugsjónum sem eru öllu ofar og fela í sér gildi frelsis, fegurðar, samræmis og friðar.

Sýningu Rúríar má skilja sem andóf gegn stríði. Hana má einnig skilja sem hvatningu til friðar og skilnings manna á meðal í heiminum, hvatningu til umburðarlyndis og mannvirðingar, til frelsis, sem getur aldrei náð lengra en að mörkum frelsis næsta manns; og loks sem hvatningu til að sýna náunganum tillitssemi og virðingu.

(Þýðing: Jórunn Sigurðardóttir)




PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Silkiprent, ryðfrítt stál. Hæð 200 sm
PARADISE? - When? Detail: Silk screen, stainless steel. Height 200 cm



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Tölvuver, í bakgrunn stækkanir úr Dagbók1994
PARADISE? - When? Detail: Computer terminals. Background: enlarged pages from Diary 1994



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Spjaldskrá. 170 x 460 sm
PARADISE? - When? Detail: Index-card system. 170 x 460 cm



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Augliti til auglitis /
PARADISE? - When? Detail: Eye to eye



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Kvikmyndarými, myndfletir 280 x 380 sm. /PARADISE? -
When? Detail: Video installation, Projections 280 x 380 cm.



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd úr ljósmyndarými
PARADISE? - When? Detail from the photographic area



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd: Ljósmyndarými. Myndir 180 x 120 sm
PARADISE? - When? Detail: Photographic area. Photographs 180 x 120 cm



PARADÍS? - Hvenær? Hlutamynd úr ljósmyndarými: Flóttamannabúðir í íþróttahúsi í Sremski Karlovci
PARADISE? - When? Detail from the photographic area. The Sremski Karlovci sportshall refugee camp

PARADISE? – When?

PARADISE? – When? is the title of an exhibition taking place in March 1998 at Kjarvalsstaðir, the Reykjavík Art Museum.

More than an exhibition, this is an overall work of art, an environment in which numerous and diverse materials and techniques are put to use. The exhibition takes place as we mark the 50th anniversary of the signing of the UN Declaration of Human Rights, and should be regarded as a contribution by an international artist of high repute to the worldwide peace discussion.

Artists, who perhaps through their seismographic capability of perceiving can read and understand the signs of time more clearly and more consciously than most of us, have always taken up the cause of peace and freedom. They have supported Amnesty International, stood up for the maintenance of human rights through visual means, and demanded the preservation of human dignity with regard to the victims of violence and destruction. One could mention, for example, the worldwide project *Artists against Torture* as well as innumerable efforts on the part of individual artists. Fears of destruction are the central focus here, especially the threat posed to man by mankind itself.

An exhibition of the sort held by Rúrí in Reykjavík presents and documents the extent to which the rejection of other cultures, religions and ideologies can lead to alienation and hate, resulting in injury and destruction, the annihilation of what is foreign and unknown. The artist attempts, with her own visual means, to give expression to her horror and shock, while at the same time drawing the observer into a dialogue with what is happening in the world. It is a highly impressive presentation, which addresses numerous components of perception, touching a number of sensual levels at the same time and thus creating a much more lasting effect than perhaps the daily news report could ever accomplish.

Almost half a century ago, on December 10th, 1948, the Universal Declaration of Human Rights was adopted unanimously by the UN General Assembly. Since then we have not had another world war but it nevertheless seems that at the end of this century, which also marks the end of the millennium, a *fin de siècle* mood pervades. In this final decade of the century innumerable new religious or ideologically motivated conflicts have arisen, which have jettisoned the cause of human rights in favour of amassing political power. They include the Gulf War at the beginning of the decade, as well as the conflicts in Bosnia-Herzegovina, which are at the centre of this exhibition.

THE EXHIBITION PROJECT

The 500 m² of exhibition space are divided up into four or five areas. From the main entranceway the visitor enters the first area of the exhibition. Here the opposite wall catches the eye first. On a specially made steel table an index-card system has been placed, which will comprise 100 file boxes and a total of about 100,000 index cards. The index cards are arranged by province and region. They are numbered and each of them represents one victim of war, for example, in Bosnia-Herzegovina. The person's name, sex, date of birth, type of torture, nationality, etc. and any further information available is written on the card.

The information is as a rule incomplete. There are also cards representing persons for which no detailed information could be obtained, but were on the basis of statistical criteria included as item numbers in the total collection of data. To the right of the index-card system there is a wall with maps showing the region and data and text which refer directly to the individual index cards.

On the opposite wall there are a number of large rectangular metal plates, like tablets, upon which various texts have been silk-screen printed. There is, for instance, a list of the names of the nations which are members of the United Nations, followed by a list of armed conflicts during the past decade and number of fatalities, and other references from humanitarian conventions.

From this area we come to the second part of the exhibition, the entrance of which is concealed. As a result the area is not visible from outside. We have to enter in order to be able to see the video presentation there. Three video films are shown in parallel on three different walls. They show the destruction in Bosnia-Herzegovina, principally ruins. Under the entire scene a soft noise can be heard, which is connected to the scenes in the films and seems to be called forth by them. The film scenes which, like an environment, move about the observer and are audible, place this same observer directly in the events themselves. We can tangibly realise, in the truest sense of the word, what is happening around us. We become a part of the scene. The threat could affect us ourselves. We are able to relate what is going on to ourselves.

